

## **Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna varðandi reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum:**

Skóla- og frístundaráð samþykkir að gera breytingar á áður samþykktri tillögu, dags. 25. júní 2019, varðandi nýjar reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar, samþykktar í Menntaráði 3. nóvember 2005, halda gildi sínu en þó með þeirri breytingu að í stað þess að nemendur fái afhenta farmiða fái nemendur strætókort. Reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar verði óbreyttar. Ekki verða gerðar breytingar á skólaakstri í borginni frá því sem nú er. Sviðsstjóra er falið að leggja fram tillögu að breytingum á reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum sem taki tillit til framangreinds.

### **Greinargerð:**

Á 163. fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. júní 2019, samþykkti skóla- og frístundaráð reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar sem búa í meira en 1,5 km göngufjarlægð frá hverfis-skóla sínum miðað við örugga gönguleið frá heimili að skólalóð. Jafnframt skyldu falla úr gildi reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar, samþykktar í menntaráði 3. nóvember 2005. Samþykkt var að gera breytingar á 6. gr. reglna um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar, með þeim hætti að fram komi að þeir nemendur með lögheimili í Reykjavík sem eiga þess kost að fá ókeypis strætókort verði nemendur í 1.-10. bekk sem búa (eiga lögheimili) í meira en 1,5 km göngufjarlægð frá hverfis-skóla sínum, til samræmis við reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Breytingarnar áttu að taka gildi 22. ágúst 2019. Þó skyldu nýjar reglur ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 2020 fyrir nemendur í 1.-4. bekk Hlíðaskóla með lögheimili í Suðurhlíðum og nemendur í 1.-4. bekk Melaskóla með lögheimili í Skerjafirði.

Við samþykkt var málinu vísað til borgarráðs. Gögn málsins voru lögð fram á fundi borgarráðs þann 4. júlí 2019 en afgreiðslu frestað.

Með nýjum reglum lá fyrir að hætt yrði skólaakstri nemenda sem búsettir eru í Suðurhlíðum og sækja Hlíðaskóla, nemenda sem búsettir eru í Staðahverfi sem sóttu Kelduskóla-Korpu og nemenda sem búsettir eru í litla og stóra Skerjafirði sem sækja Melaskóla.

Þar sem ákveðið hefur verið að bjóða upp á skólaakstur í norðanverðum Grafarvogi í tengslum við breytingar á skólahaldi og þar sem í Skerjafirði hefur komið í ljós að ekki er hægt að tryggja að fullu öryggi yngstu barnanna í strætó er lagt til að falla frá ráðgerðum breytingum er áhrif hafa á skólaakstur þann sem nú stendur til boða.

Hagsmunamat í kjölfar ítarlegrar rýni á kostum og göllum tillögunnar leiddu í ljós að fjárhagslegur ávinningur af breytingunum miðað við breyttar forsendur yrði óverulegur og réttlætir ekki það rask sem yrði á högum skólabarna og forráðamanna í umræddum hverfum.

Með samþykkt tillögunnar halda reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar gildi sínu og óbreytt verður að nemendur sem sækja skóla í sínu skólahverfi eiga þess kost að fá ókeypis farmiða sé vegalengdin frá heimili að skóla meiri en 1,5 km fyrir nemendur í 1.-5. bekk og 2 km fyrir nemendur í 6.-10. bekk.